

Steinsstaðir í Skagafirði

Fornleifaskráning



Katrín Gunnarsdóttir
júní 2000
Byggðasafn Skagfirðinga

Efnisyfirlit

	bls.
Formáli	2
Varðveisla fornminja	2
Sögulegt yfirlit	3
Steinsstaðir í Skagafirði, fornleifar	6
Niðurstöður	33
Fornleifaskrá	35
Fylgiskjal 1 - staðsetning svæðis	36
Fylgiskjal 2 - yfirlitskort	37
Fylgiskjal 3 - Götukort	38
Fylgiskjal 4 - Túnakort frá 1918	39
Skrá yfir fyrri skýrslur	40

Forsíðumyndin er af gömlum reiðgötum og göngugötum, sem liggja að Steinsstöðum, horft í austur. Ljósmynd Katrín Gunnarsdóttir 2000.

Formáli

Fornleifaskráning var gerð í landi Steinsstaða í maí 2000.

Skráningin er gerð vegna samþykks aðalskipulags af sumarbústaðalandi frá 1991, og vegna fyrirhugaðs aldamótaskógar í landi Steinsstaða, en gróðursetning á að fara fram í ágúst 2000.

Fornleifaskráning hefur ekki verið gerð á svæðinu áður.

Skráðar voru þær fornleifar sem eru en sjáanlegar í landinu, ásamt öðrum stöðum sem vitneskja er um minjar sem eiga heima í skrá þessari. Skráðar voru samtals 33 fornminjar.

Alls voru gerðir 14 uppdrættir og eru þeir í þessari skýrslu. Teknar voru 24 ljósmyndir í lit, og fylgja 8 í þessari skýrslu. Hinar eru varðveittar í Byggðasafni Skagfirðinga.

Mynd af Steinsstaðabænum er í eigu Friðriks Ingólfssonar Laugarhvammi, mynd af beinafundi er í eigu Fréttablaðsins Feykis, og mynd af Steinsstaðalauginni er á HSk, (Héraðsskjalasafni Skagfirðinga, Sauðárkróki). Ásamt myndum í eigu Byggðasafns Skagfirðinga Glaumbæ.

Svæðið sem fornleifaskráningin fór fram á nær að Svartá að vestan að norðan að landareign Reykja, að austan að Héraðsvötnum, og að sunnan að landamerkjum Merkjararðs og Stapa.

Við skráninguna var stuðst við: Ritaðar heimildir. Túnakort frá 1918. Landmælingar ríkisins, loftmynd 1: 4000, frá 1991. Skipulagsuppdrátt af sumarbústaðabyggð í landi Steinsstaða, samþykkt frá 1991.

Viðtal við og leiðsögn Friðriks Ingólfssonar bónda f. 1924 Laugarhvammi.

Viðtal við og leiðsögn Rósmundar G. Ingvarssonar f. 1930. Er þeim þökkun veitt aðstoð.

Skráninguna vann Katrín Gunnarsdóttir fornleifafraeðingur, Byggðasafni Skagfirðinga.

Varðveisla fornminja

Tilgangur Þjóðminjalaga nr. 88/1989 er m.a. að tryggja sem best varðveislu menningarsögulegra minja þjóðarinnar, þar á meðal fornleifa. Í 16. gr. laganna er eftirfarandi skilgreining á fornleifum:

16. gr. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki; þjóðminjalög. 1. gr. l. nr. 88/1989.
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 18.gr.

Þjóðminjalögin leggja landeigendum, ábúendum og framkvæmdaaðilum nokkrar skyldur á herðar til verndar fornleifum og er þeirra getið í 17., 19., 20. og 21. grein laganna.

17.gr.

Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi fornleifanefndar komi til.

19. gr.

Skylt er landeiganda og ábúanda að gera Þjóðminjasafni Íslands viðvart ef fornleifar liggja undir spjöllum af völdum náttúrunnar eða þeim er spillt af manna völdum. Þjóðminjasafn ákveður þá hvaða ráðstafanir skuli gerðar til verndar fornleifunum.

20. gr.

Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fenginn er úrskurður fornleifanefndar um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

21. gr.

Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegagerð, að hann þurfi að gera jarðrask er haggar við fornleifum og skal hann þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá því áður en hafist er handa um verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundu leiða. Þjóðminjasafn ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum.

Við allar meiri háttar framkvæmdir, svo sem vegagerð, virkjanaframkvæmdir, flugvallargerð og veitulagnir, skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um efni þessarar greinar.

Sögulegt yfirlit.

Steinsstaðir í Tungusveit er landnámsjörð, þar bjó Hreiðar Ófeigsson landnámsmaður.

Í landnámu er sagt frá því að þeir feðgar Hreiðar, sem kallaður var Kráku-Hreiðar og Ófeigur lafskeggur faðir hans hafi ætlað til Íslands. Þegar þeir sáu land, sagði Hreiðar að hann mundi ekki kasta öndvegissúlum fyrir borð, heldur heita á Þór, og að hann mundi vísa sér til lands, og mundi berjast fyrir því landi ef það væri numið. Hann kom í Skagafjörð og brotlendi í Borgarfjöru. Hávarður hegri bauð honum til sín og var hann um veturinn í Hegranesi. Um vorið spyr Hávarður hvað hann ætlist fyrir, og kveðst hann vilja berjast við Sæmund til landa. Hávarður hvatti hann til að fara á fund Eiríks í Goðdölum og leita ráða hjá honum. Eiríkur sagði það óþarfi að berjast fyrir landi, á meðan svo fátt manna væri í landinu, en hann vildi gefa honum tunguna alla niður að Skálamýri, og sagði að Þór hefði stefnt honum þangað er hann brotlenti á Borgarsandi. Þetta þáði Hreiðar og bjó að Steinsstöðum. En kaus að deyja að Mælifelli.

Heimildir: Íslendinga sögur, fyrsta bindi Landssaga og landnám, bls. 144-145, Íslendingaútgáfan 1946.

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1713, er getið um Steinstaði ytri og Steinstaði syðri, og sé það ein jörð báðar saman og hafi báðar eitt fyrirvar, sundurskiptar af húsum, túnnum og engjum og báðar saman taldar og tíundaðar að jarðdýrleika 30 hundruð. Eigandi Monsr. Eggert Jónsson að Ökrum í Blönduhlíð. Á búandi á hálfri, Ytri Steinstöðum sé ekkjan Ragnheiður Jónsdóttir, og ábúandi á Syðri-Steinstöðum sem er hinn helmingur jarðarinnar sé Jón Jónsson. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, bls. 137-138, gefin út af Hinu Íslenska Fræðarfelagi í Kaupmannahöfn, níunda bindi 1930).

Þá er í Jarða- og búendatali í Skagafjarðarsýslu 1781-1958, sagt frá Steinstöðum á eftirfarandi hátt:

Steinsstaðir í Tungusveit voru taldir 30 hundruðað dýrleika að fornu mati. Um og eftir 1700 er Steinstöðum sundurskipt í tvær jarðir Ytri- og Syðri Steinsstaði. Á 18 öld eru þær sameinaðar í eina jörð, en þá er getið um húsmannsbýlið Steinsstaðakot. Þess er síðast getið 1785, fer þá í eyði og byggist ekki aftur. Árið 1713 var jörðin eign Eggerts Jónssonar á Stóru-Ökrum, 1762 er sonur hans Jón Eggertsson lögréttumaður eigandi og ábúandi á Steinstöðum, frá Jóni gekk jörðin Guðrúnar dóttir hans og manns hennar Páls Sveinssonar silfursmiðs og hreppstjóra á Steinstöðum og loks til sonar þeirra Þorsteins Pálssonar hreppstjóra á Reykjavöllum. Þorsteinn andaðist 1834, en árið 1839 er Sigurður Jónatansson frá Uppsölum sonarsonur Þorfinns lögréttumanns á Brenniborg með vissu orðin eigandi Steinsstaða. Steinsstaðir hafa síðan haldist í eign Sigurðar og niðja hans að undanteknum árunum 1933-1937 og er nú eign Ingólfs Daníelssonar og sona hans. (Jarða- og búendatali í Skagafjarðarsýslu 1781-1958, II hefti, bls. 55. Sögufélag Skagfirðinga 1952-Herbertsprint)

Í Ferðabók Olavíusar er sagt að Steinsstaðakot fari í eyði 1767. (Ferðabók Ólafs Olavíusar I, bls. 316. Bókfellsútgáfan h.f. Reykjavík 1964.)

Í Sýslu- og Sóknarlýsingar frá 1839, segir að Steinstaðakot sé eyðijörð, en þar megi enn sjá til veggjaspotta uppistandandi. (Sýslu- og Sóknarlýsingar frá 1839-1873 II Skagafjarðarsýsla, bls. 76, 1954)

Sveinn Pálsson segir í Ferðabók sinni frá 1791-1797, frá eyðibýlum, hjáleigum “sem hvorki Ólavíus né jarðabókin nefna” Í Lýtingsstaðahreppi eru það Hólagerði og Þrælsgerði, hjáleigur frá Steinstöðum og Merkjagerði á landamerkjum Reykja og Steinsstaða.

(Ferðabók Sveins Pálssonar, Dagbækur og ritgerðir 1791-1797 II bindi bls. 647, Bókaútgáfan Örn og Örlygur Hf.-1983)

Jarðatal Johnsens frá 1847, segir að Steinsstaðir séu metnir á 30 að dýrleika Heimildir: Jarðatal Johnsens frá 1847, bls. 262

Ekki er vitað með neinni vissu hvar Ytri- og Syðri- Steinsstaðir hafa verið, ef til vill þar sem heitir Lúðvíksgerði, eða þar sem er Hólagerði, þá er Þrælsgerði eitt nafnið enn sem ekki er vitað með vissu hvar hafi verið, en getgátur um að Hólagerði og

Þrælsgerði sé eitt og sama. Sama er að segja um Steinstaðakot, engar heimildir er um staðsetningu þess.

Bærinn að Steinsstöðum er nú tóftir einar, hann var byggður í kringum 1860, síðan var hann endurbyggður um 1893, eða á árunum þar á eftir. Á Steinsstöðum var búið allt fram til 1943, en þá fór bærinn í eyði.

Steinsstaðir í Skagafirði, fornleifar

Í landi Hóla voru skráðar 33 minjar á vettvangi, nr. 1-33.



Mynd 1. Horft til austurs yfir túnið og bæinn á Steinsstöðum, myndin tekin 1945.
Ljómmynd Páll Jónsson. Myndin er í eigu Héraðssafns Skagafjarðar.



Mynd 2. Séð ofan í brunninn á Steinsstöðum, myndin tekin 1992
Ljósmynd Sigríður Sigurðardóttir.

1

Tegund minja:	Brunnur	
Hlutverk:	Brunnur	
Landareign:	Steinsstaðir	
Lega:	N: 65°28371	V: 19°20169

Staðhættir:	Er við austurhlið Steinsstaða bæjarins, sunnarlega.
Lýsing:	Brunnopið er um 1.5 x 1.5 m, og lagt yfir það lauslega járnrind og timbur.
Aðrar upplýsingar:	Það var Sigríður Sigurðardóttir f. 1860, d. 1942, húsfreyja á Steinsstöðum, gift Daníel Sigurðssyni, bónda og pósti, sem lét grafa djúpan brunn austan við bæinn. Hún gafst ekki upp þótt djúpt yrði að grafa og loks kom vatn. Brunnurinn mun vera um 8 m djúpur, og var vatn til bæjarins halað upp með vindu.
Hættumat:	Brunnurinn er ekki í beinni hættu.
Heimild:	Örnefnaskrá, Skagafjarðarsýsla, Lýtingsstaðahreppur: Steinsstaðir, skrásetjari Rósmundur G. Ingvarsson, 1995.



Mynd 3. Tóftir Steinsstaða fyrir miðri mynd. Neðst til vinstri má sjá beinin sem voru austan megin vegarins. Horft í austur. Myndin tekin í júní 1993 af Þóhalli Ásmundssyni, fréttablaðinu Feyki.

2

Tegund minja:	Beinafundur.
Hlutverk:	Kirkjugarður? Heimagrafreitur?
Landareign:	Steinsstaðir
Lega:	N: 65°28370 V: 19°20227
Staðhættir:	Frá Steinsstaðabænum eftir veginum í norður um 30 m
Lýsing:	Ekkert sést sem sýnir að þarna undir séu bein.
Aðrar upplýsingar:	Í seinni hluta júní 1993, gróf rafveitan fyrir heimtaugum í sumarbústaði í Steinsstaðalandi, komu þá upp mannabein sem að sögn Vilhjálms Arnars Vilhjálmssonar fornleifafræðings, hjá Þjóðminjasafninu, voru af tveimur einstaklingum hávöxnum karlmanni og rúmlega tvítugum unglingi, ágiskun hans er að beinin séu frá fyrri hluta miðalda frá 12. fram á 13. öld og þrátt fyrir umrótið sem þarna er orðið og gerir erfðara að átta sig á hlutunum, þá er heldur hann að gröfin hafi verið tekin eftir Heklugos 1104. Hann segir ennfremur að á höfuðkúpu beini hafi fundist trjáviðaragnir sem eru líklega

leifar af kistuloki, sem styddi það að gröfin væri úr kristnum grafreit. Beinin líta vel út vegna þess hve jarðvegur á þessu svæði geyma bein og jarðvistarleifar vel, segir Vilhjálmur. (Feykir 30. júní 1993)

Að sögn Sigríðar Sigurðardóttir, Byggðasafni Skagfirðinga, voru grafnar alls 3 prufuholur, voru þær við tank og kassa rafmagnsveitunnar, sem er austan vegar, og vestan vegarins, á móts við tankinn. Báðum megin komu upp mannabein og eins komu bein úr veituskurðum á þessu svæði, þegar grafið var fyrir vatni og rafmagni.

Viðtal við Sigríði í júní 2000, en hún kom á umrætt svæði vegna beinafundanna.

Hættumat:

Á þessu svæði ætti ekki að fara fram neinar framkvæmdir nema með fyllstu aðgát, með tilvist beinafundana í huga. Trjárækt eða húsbýggingar eru óæskilegar.

Heimild:

Feykir. Óháð fréttablað á Norðurlandi vestra. 30. júní 1993, 24.tölublað, 13.árgangur.



Mynd 4. Rétt fyrir neðan miðja mynd er prufuhola sem var grafin af Vilhjálmi Erni Vilhjálmsyni, fornleifafræðingi 1993. Fyrir ofan malarveginn sést í tank, frá honum um 10 m til vinstri var grafin önnur hola, úr þeim báðum komu upp bein. Horft í austur. Ljósmynd Sigríður Sigurðardóttir 1993.

3

Tegund minja:	Fjárhús/horfið
Hlutverk:	Fjárhús
Landareign:	Steinsstaðir
Lega:	N: 65°28889 V: 19°21169
Staðhættir:	Fjárhúsið var byggt upp við norðurhlið sundlaugar við Laugarhús.
Lýsing:	Ekkert sést af fjárhúsi þessu.
Aðrar upplýsingar:	Fjárhúsið byggt um 1950, og var ekki látið standa lengi, það var síðan jafnað við jörðu, og sést ekkert af því núna.
Heimild:	Örnefnaskrá, Skagafjarðarsýsla, Lýtingsstaðahreppur: Steinsstaðir, skrásetjari Rósmundur G. Ingvarsson, 1995.



Mynd 5. Horft til vesturs eftir götunum sem liggja niður að Steinsstöðum.
Ljósm. K.G. 2000

4

Tegund minja:	Götur/leið/slóðir/fornar bæjarleiðir
Hlutverk:	Leið/slóð
Landareign:	Steinsstaðir
Lega:	N: 65°28486 V: 19°19857.
Staðhættir:	Staðsetning tekin þar sem göturnar skiptast. Sjá fylgiskjal 3. Götur þessar liggja upp frá Steinsstöðum til austurs og sameinast götum sem koma utan austanverða Reykjatungu og liggja fram með austanverðum Steinsstaðaflóa.
Lýsing:	Göturnar liggja samhliða og eru allt að 37 að tölu, á 25 m breiðu svæði þar sem þær eru flestar, þær eru grasi grónar að mestu, en sumar eru þó moldargötur.
Aðrar upplýsingar:	Götur sem þessar hafa verið alfaraleiðir milli bæja eða svæða.
Hættumat:	Ef byggt verður á lóðum 15, 20, 21, 22 og 23 hverfa þessar götur. Sjá fylgiskjal 3. Samkvæmt 16.grein þjóðminjalaga eiga þær að vera friðlýstar.

Heimild: Örnefnaskrá, Skagafjarðarsýsla, Lýtingsstaðahreppur:
Steinsstaðir, skrásetjari Rósmundur G. Ingvarsson, 1995.
Landmælingar ríkisins, loftmynd frá 1992, 1:4000.

5

Tegund minja: Hesthús/tóftarbrot
Hlutverk: Hesthús
Landareign: Steinsstaðir
Lega: N: 65°28475 V: 19°20413
Staðhættir: Í norð-vestur frá sumarbústað vegagerðarinnar, á hesthúsmel, sem er út við merkjagirðingu á milli Reykja og Steinsstaða.
Lýsing: Það sést aðeins móta fyrir L-laga tóftarbroti 6 x 4 m, hleðsluhæð um 0.2 m, veggjaþykkt 1 m.
Hættumat: Tóftarbrotið mun líklega lenda innan byggingareits, og mun því hverfa.
Heimild: Örnefnaskrá, Skagafjarðarsýsla, Lýtingsstaðahreppur:
Steinsstaðir, skrásetjari Rósmundur G. Ingvarsson, 1995.



Mynd 6. Fjánhús Lúðvíksgerði, til hægri sést í tóftir fjárhúsa Steinsstaða, og tóftir Steinsstaða til vinstri frá miðri mynd. Horft í austur. Ljósm. K.G. í maí 2000.

6

Tegund minja: Hús/tóft/fjánhús.
Hlutverk: Fjánhús
Landareign: Steinsstaðir
Sérheiti: Lúðvíksgerði
Lega: N: 65°28221 V: 19°20041
Staðhættir: Um 50 m, frá hliðinu sem er á afleggjaranum að Steinstöðum, tóftin/húsið á vinstri hönd
Lýsing: Húsið/tóftin, er 11 x 10 m, veggjaþykkt um 1 m, hleðsluhæð allt að 1.60 m. Þakið mikið hrunið, en hangir enn uppi að sunnan. Austurhliðin hefur verið endurhlaðin úr holsteini, og


Staðir númer 7- 12, eru á Kvíabóli til austurs fyrir ofan Steinsstaði,.



Mynd 8. Matjurtagarðurinn fyrir miðri mynd, á móti suðri, horft í vestur.
Ljós. K.G. í maí 2000

7

Tegund minja:	Hleðsla/Matjurtagarður
Hlutverk:	Matjurtagarður
Landareign:	Steinsstaðir
Sérheiti:	Kvíaból
Lega:	N:65°28418 V: 19°20161
Staðhættir:	Fyrir ofan og norðan Steinsstaðabæinn, sunnan undir Bæjarlöpp.
Lýsing:	Kálgarðurinn er grasi vaxinn og veggir signir. Hann er 9 x 9 m, hleðsluhæð 0.2m, veggjaþykkt um 1 m. Það mótar fyrir L-laga hólf 3 x 4 m í suðaustur horni garðsins. Túngarðurinn sem er fyrir ofan Steinsstaði nær að suð-vestur horni kálgarðsins.
Hættumat:	Er ekki í beinni hættu vegna skipulags, sumarbústaðabyggðar. Vegna aldamótaskógar ætti að taka tillit til Kvíabólsins sem heildar, og ekki gróðursetja innan þess.
Heimild:	Landmælingar ríkisins, loftmynd, 1:400 frá 1991. Örnefnaskrá, Skagafjarðarsýsla, Lýtingsstaðahreppur: Steinsstaðir, skrásetjari Rósmundur G. Ingvarsson, 1995.




Mynd 9. Flatarteikning, matjurtargarður. Teikn. K.G. 2000




Mynd 10. Réttin á Kvíabóli, horft til suðurs. Hús/tóft/fjánhús, Lúðvíksgerði (nr.6) ofar fyrir miðri mynd. Ljósm K.G. í maí 2000.

8

Tegund minja:	Rétt/hleðsla
Hlutverk:	Rétt
Landareign:	Steinsstaðir
Sérheiti:	Kvíaból
Legi:	N: 65°28402 V: 19°20087
Staðhættir:	Um 90 m upp af Steinsstaðabænum.
Lýsing:	Réttin er 13 x 7 m, hleðsluhæð um 0.7 m, veggjaþykkt 1m. Hún er grasi gróin að mestu, en sést þó í einstaka grjóthleðslu. Inngangur er í austur, ekki sést móta fyrir milliveggjum.
Aðrar upplýsingar:	Frá vesturhlið réttarinnar er um 15 m í túngarð sem er fyrir ofan Steinsstaði. Upp frá réttinni í austur liggja götur sem sameinast götum sem koma utan austanverða Reykjatungu. Út frá réttinni eru tóftir frá þremur húsum (fjánhúsum?) (sjá nr. 9, 10 og 11)
Hættumat:	Ef byggt verður á lóð 16, er réttin í mikilli hættu, því hún mun líklega verða innan byggingareits, og mun því hverfa.
Heimild:	Örnefnaskrá, Skagafjarðarsýsla, Lýtingsstaðahreppur: Steinsstaðir, skrásetjari Rósmundur G. Ingvarsson, 1995. Landmælingar ríkisins, loftmynd 1:4000, frá 1991.




Mynd 11. Flatarteikning, rétt. Teikn. K.G. 2000



Mynd 12. Flatarteikning, tóft. Teikn. K.G. 2000

9


- Tegund minja:** Tóft/hleðsla
Hlutverk: Fjánhús?
Landareign: Steinsstaðir
Sérheiti: Kvíaból
Lega: N: 65°28425 V: 19°20082
Staðhættir: Um 50 m í norð-austur upp af réttinni (sjá nr. 8)
Lýsing: Tóftin er 12-13 x 6 m, hleðsluhæð um 0.2 m, veggjaþykkt 1 m. Veggir grasi grónir og signir, og illa sjáanlegir
Hættumat: Er ekki í beinni hættu vegna skipulags, sumarbústaðabyggðar. Vegna aldamótaskógar ætti að taka tillit til Kvíabólsins sem heildar, og ekki gróðursetja innan þess.
Heimild: Örnefnaskrá, Skagafjarðarsýsla, Lýtingsstaðahreppur: Steinsstaðir, skrásetjari Rósmundur G. Ingvarsson, 1995. Landmælingar ríkisins, loftmynd 1:4000, frá 1991.



Mynd 13. Flatarteikning, tóft. Teikn. K.G. 2000

10

Tegund minja:	Tóft/hleðsla
Hlutverk:	Fjánhús?
Landareign:	Steinsstaðir
Sérheiti:	Kvíaból
Lega:	N: 65°28400 V: 19°20063
Staðhættir:	Um 30 m sunnan við réttina (sjá nr.8)
Lýsing:	Tóftin er 7 x 5.5 m, hleðsluhæð 0.2 m, veggjabykkt 0.5 m, mjög grasi gróin og sigin. Tóftin þrí-skipt og er opið til austurs úr syðsta hluta hennar.
Hættumat:	Ef byggt verður á lóð 16, er tóftin í mikilli hættu, því hún mun líklega verða innan byggingareits, og mun því hverfa.
Heimild:	Örnefnaskrá, Skagafjarðarsýsla, Lýtingsstaðahreppur: Steinsstaðir, skrásetjari Rósmundur G. Ingvarsson, 1995. Landmælingar ríkisins, loftmynd 1:4000, frá 1991.



Mynd 14. Flatarteikning, tóft. Teikn. K.G. 2000


11

Tegund minja:	Tóft/hleðsla
Hlutverk:	Fjánhús?
Landareign:	Steinsstaðir
Sérheiti:	Kvíaból
Lega:	N: 65°28397 V: 19°20038
Staðhættir:	Um 10 m, í suður frá þrí-skiptri tóft (sjá nr. 10)
Lýsing:	Tóftin er um 8 x 4-5 m, hleðsluhæð 0.2 m, veggjabykkt um 1m. Tóftin er mjög sigin og grasi gróin, á suður hlið er hleðsla sem er opin til austurs.
Hættumat:	Ef byggt verður á lóð 16, er tóftin í mikilli hættu. Auk þess að vera hluti af Kvíabólinu, sem ætti að varðveita sem heild.
Heimild:	Örnefnaskrá, Skagafjarðarsýsla, Lýtingsstaðahreppur: Steinsstaðir, skrásetjari Rósmundur G. Ingvarsson, 1995. Landmælingar ríkisins, loftmynd 1:4000, frá 1991.

12

Tegund minja:	Garðlag/túngarður
Hlutverk:	Túngarður
Landareign:	Steinsstaðir
Sérheiti:	Kvíaból
Lega:	N: 65°28391 V: 19°20099
Staðhættir:	Túngarðurinn er um 90 m fyrir ofna Steinsstaðabæinn í austur, liggur í norður- suður og er aðeins í sveigður í austur
Lýsing:	Túngarðurinn, er um 125-6 m langur, er nyrðri hluti hans um 75m, þá er op í garðinn sem eru um 6 m á lengd, og syðri hluti garðsins er um 45 m, hann er grasi gróinn, og vel sjáanlegur, veggjabykkt allt að 3 m og veggjahæð um 1 m.
Aðrar upplýsingar:	Garður þessi er síðan sjáanlegur um 70 m lengra til suðurs.
Hættumat:	Túngarðurinn lendir ekki inn á lóðum sumarbústaða, er því ekki í beinni hættu. Vegna aldamótaskógar ætti að taka tillit til túngarðsins sem hluta af Kvíabóli sem heildar, og ekki gróðursetja við eða á honum.

Heimild: Örnefnaskrá, Skagafjarðarsýsla, Lýtingsstaðahreppur:
Steinsstaðir, skrásetjari Rósmundur G. Ingvarsson, 1995.
Landmælingar ríkisins, loftmynd 1:4000, frá 1991.



Mynd 15. Flatarteikning, matjurtagarður. Teikn. K.G. 2000

13

Tegund minja Matjurtagarður/hleðsla
Hlutverk: Matjurtagarður
Landareign: Steinsstaðir
Sérheiti: Hólagerði
Lega: N: 65°27945 V: 19°20221
Staðhættir: Frá tóftinni á Hólagerði í suð-vestur.
Lýsing: Matjurtagarðurinn er 7 x 6 m, hleðsluhæð um 0.8 m veggjaþykkt um 1 m, veggir grasi grónir og signir, suð-austur hlið kálgarðsins er túngarðurinn sem byrjar um 7 m út frá fjárhústóftinni sem er aðeins ofar.
Hættumat: Ekki í neinni hættu vegna sumarbústaðaskipulags, það ætti að forðast að gróðursetja í eða við matjurtagarðinn.
Heimild: Landmælingar ríkisins, loftmynd 1:4000, frá 1991.
Vettvangsathugun 15/5 2000



Mynd 16. Messuklöpp, horft til norð-austur. Ljósm. K.G. í maí 2000

14

Tegund minja:	Náttúruminjar/álfabyggð
Hlutverk:	Álfabyggð
Landareign:	Steinsstaðir
Sérheiti:	Messuklöpp
Leg:	N: 65°28282 V: 19°20594
Staðhættir:	Í sumarbústaðalandi Lynghaga, í norð-austur frá bústöðunum.
Lýsing:	Klettabelti, um 70 m langt sem liggur norður-suður, að því er grasi gróíð.
Aðrar upplýsingar:	Munnmæli segja að þarna sé álfabyggð og að þaðan hafi heyrst söngur. Messuklöpp er stutt frá Reykjakirkju og því er önnur skýring á nafninu hugsanleg, að þarna hafi kirkjufólk áð og skipt um fót áður en að það gekk til kirkju.
Hættumat:	Ekki í neinni hættu vegna skipulags eða trjáræktar
Heimild:	Örnefnaskrá, Skagafjarðarsýsla, Lýtingsstaðahreppur: Steinsstaðir, skrásetjari Rósmundur G. Ingvarsson, 1995.

15

Tegund minja:	Náttúruminjar/landamerkjasteinn
Hlutverk:	Landamerkjasteinn
Landareign:	Steinsstaðir
Sérheiti:	Hlóðasteinn
Leg:	N: 65°27810 V: 19°19335
Staðhættir:	Steinn þessi er á landamerkjum Hólagerðis og Merkigarðs á há hæðinni.
Lýsing:	Steinninn er um 1.5x1.5x1.5 m, stendur á smá klöpp, og er landamerkjagirðingin yfir hann miðjan. Frá steininum sést í vörðu (staur) sem er í norð-austur um 100 m og aðra vörðu (staur) sem er í vestur.

Hættumat: Ekki í hættu vegna skipulags eða trjáræktar.
Heimild: Örnefnaskrá, Skagafjarðarsýsla, Lýtingsstaðahreppur:
Steinsstaðir, skrásetjari Rósmundur G. Ingvarsson, 1995.

16

Tegund minja: Reykhús/horfið
Hlutverk: Reykhús
Landareign: Steinsstaðir
Lega: N: 65°28890 V: 19°21113
Staðhættir: Í austur frá Laugarhúsi, hefur staðið nálægt austurhlið ytri sundlaugarinnar, sem þarna var.
Lýsing: Ekkert sést af reykhusi þessu.
Hættumat: Staðurinn ekki í hættu vegna skipulags.
Heimild: Ljósmynd af Steinsstaðalaug, myndin er frá HSk.



Mynd 17. Stekkjarveggur, sem liggur austur-vestur, horft til norðurs. Ttil hægri við vegginn eru Héraðsvötn og er veggurinn í 3 – 4 m hæð beint ofan við þau. Ljósmynd K.G. 2000

17

Tegund minja: Stekkur/hleðsla
Hlutverk: Stekkur í Ytra-Stekkjargili.
Landareign: Steinsstaðir
Lega: N: 65°28750 V: 19°19252
Staðhættir: Í austur frá Steinsstaðabænum niður við Héraðsvötn í Ytra-Stekkjargili, skammt sunnan við landamerki Reykja.
Lýsing: Neðst í gilinu er smá kvos um 10 x 6 m að stærð. Smá foss kemur þar niður í gilið og úr honum lækur sem rennur í gegnum kvosina. Við norðurhlið gilsins er hleðsla um 7-9 m að lengd, hleðsluhæð um 0.8 m, ekki sést móta fyrir hleðslum við suðurhlið gilsins.
Aðrar upplýsingar: Syðra Stekkjargil er aðeins sunnar, en þar var ekki stekkur, að sögn Friðriks Ingólfssonar, Laugarhvammi.
Hættumat: Helst hætta á að stekkurinn/hleðslan skaðist af náttúruvöldum.
Heimild: Örnefnaskrá, Skagafjarðarsýsla, Lýtingsstaðahreppur:
Steinsstaðir, skrásetjari Rósmundur G. Ingvarsson, 1995.
Landmælingar ríkisins, loftmynd 1.400, frá 1991.

18

- Tegund minja:** Sundlaug/horfin
Hlutverk: Sundlaug
Landareign: Steinsstaðir
Lega: N: 65°28119 V: 19°21195
Staðhættir: Hefur náð norður á mótis við húsið Lækjarbrekku 13.
Lýsing: Ekkert sést af sundlaug þessari.
Aðrar upplýsingar: Steinsstaðalaug hefur verið talin annar elsti sundkennslustaður á Íslandi. Í sýslu- og sóknarlýsingum Skagafjarðar frá 1839, en þar er sagt frá sundstað, sem hefur komið til með því að stífla læk sem rann úr tjörn, ofan í Svartá:
Þessi lækur var stíflaður sumarið 1822, hvar við tjörnina óx á dýpt og vídd, og var tjörn þessi brúkuð til sundæfinga í júní það sama sumar undir kennslu sál. Jóns Þorlákssonar Kiernestæd frá Skriðu í Hörgárdal. (Sýslu- og sóknarlýsingar Skagafjarðar frá 1839, bls. 72-73)
- Hættumat:** Þarna hefur þegar verið sléttað yfir mannvirkin.
Heimild: Sýslu- og sóknarlýsingar, Hins Íslenszka bókmenntafélags 1839-1873, II Skagafjarðarsýsla, Mælifells- og Reykja-Prestakall frá 1839, bls. 72



Mynd 18. Steinsstaðalaugin eins og hún leit út. Samkomuhúsið, Laugarhúsið við vesturhlíð laugarinnar, það var lokið við að byggja það 1927. Horft í vestur. Ljósmynd í eigu HSk.

19

- Tegund minja:** Sundlaug/horfið
Hlutverk: Sundlaug
Landareign: Steinsstaðir
Lega: N: 65°28093 V: 19°21151
Staðhættir: Austan og suðaustan við Laugarhúsið. (Bókasafnið)

- Lýsing:** Ekkert sést af sundlauginni nema smá veggstubbur við suð-austur horn Laugarhússins.
- Aðrar upplýsingar:** Laugarhúsið var byggt árið 1926, og sundlaugin síðan steipt árið 1927, austurveggur hússins hefur verið notaður sem hluti af laugarvegg. Laugin var 14 x 24 m, veggir háir og sterklegir, Síðan var önnur sundlaug byggð við þessa. Hún var austan og sunnan við, náði 6 m, styttra norður og aðeins styttra vestur, en hún náði allt suður aðaluppsprettu heita vatnsins, Hún mjókkaði nokkuð til suðurs. Enginn veggur var að austanverðu meðfram melnum. Þessi sundlaug virkaði stærri en hin og var heitari og var aðallega synt í henni. Hin þótti heldur köld. Ytri laugin brotnaði niður smátt og smátt, innri minni laugin var síðan brotin niður 1998, og er aðeins smá bútur eftir af henni við suð-austur horn Laugarhússins, (Bókasafn í dag.)
- Hættumat:** Sundlaugin er horfin, og þarna er nú grasi gróið svæði.
- Heimild:** Landmælingar ríkisins, loftmynd 1:4000 frá 1991. Örnefnaskrá, Skagafjarðarsýsla, Lýtingsstaðahreppur: Steinsstaðir, skrásetjari Rósmundur G. Ingvarsson, 1995.




Mynd 19. Steinsstaðabærinn 14. maí 1937, horft í norð-austur.
Myndin er í eigu Friðriks Ingólfssonar, Laugarhvammi.

20

- Tegund minja:** Tóft/bústaður/bær
- Hlutverk:** Bústaður
- Landareign:** Steinsstaðir
- Lega:** N: 65°2837 V: 19°20207
- Staðhættir:** Um 400 m í norður frá beygju á nýja veginum, rétt fyrir neðan hliðið inn á veginn. Síðan um 25 m í austur frá veginum.

- Lýsing:** Tóftin er um 24 m löng og 16 m breið, veggjafykkt um 1 m. Tóftin er mikið hrunin, þó hafa hleðslur á austurhlið varðveist best, sést þar í grjóthleðslu sem er um 2 m á hæð. Ofan á henni er klömbruhús með streng um 2 m. Það sést svo í einstaka hluta af milliveggjum. Á suðurhlið er nokkuð heilleg grjóthleðsla í kringum kjallara, sem var notaður sem matargeymsla, og inngangur í hann vel sýnilegur í suður, einnig sést inngangur norðarlega á vesturhlið.
- Aðrar upplýsingar:** Hluti bæjarins (baðstofan), brann vorið 1938. Það var fjósbaðstofa, en þær voru fátíðar í Skagafirði. Það var búið í bænum til ársins 1943. (Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár bls. 334, þar er líka að finna mynd af bænum á Steinsstöðum ásamt fjölskyldu Daníels Sigurðssonar bónda og pósts á Steinsstöðum 1893-1914.) Þessi baðstofubruni mun liggja til grunnvallar smásögu Indriða G. Þorsteinssonar, “Lífið í brjósti manns” í bókinni Vafurlogar sem kom út árið 1984.
- Hættumat:** Það sem eftir er af tóftinni, heldur áfram að eyðast fyrir veðrum og vindum. Á skipulagsuppdrættinum er ekki skipulögð lóð þar sem Steinsstaðatóftin er. Þar ætti ekki heldur að planta trjám.
- Heimild:** Túnakort frá 1918. Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár bls. 334, Daniel Bruun, Bókaútgáfan Örn og Örlygur HF.- 1987




Mynd 20. Flatarteiking, tóft. Teikn. K.G. 2000



Mynd 21. Á þessari mynd sem var tekin árið 1992. Er ennþá uppistandi dyr á austurhlið tóftarinnar á Steinsstöðum, þær eru ekki lengur sjáanlegar. Ljósmynd Sigríður Sigurðardóttir.



Mynd 22. Vegghleðsla við norð-austur horn, tóftarinnar á Steinsstöðum, horft í norður. Ljós. K.G. í maí 2000



Mynd 23. Flatarteiking, tóft. Teikn. K.G. 2000

21

Tegund minja: Tóft/bæjarhóll

Hlutverk: Bæjarhóll

Landareign: Steinsstaðir


Lega: N: 65°28355 V: 19°20055

Staðhættir: Bæjarhóllinn er miðja vega, aðeins ofar á milli tófta Steinsstaða og fjárhúss sem eru sunnan við Steinsstaði.

Lýsing: Hóllinn er um 3-4 m á hæð frá túninu sem liggur upp að honum, þar sést í tóftir sem eru um 5 x 4 m, ekki alveg hringlaga en fylgja nokkuð ytri köntum hólsins, veggjaþykkt um 1 m, og veggjahæð um 0.2 m.

Hættumat: Bæjarhóllinn er um 10-15 m austur frá lóðamörkum lóða 4 og 5 og því ekki í beinni hættu frá lóðunum. Með tilvísun í 16.grein þjóðminjalaga ætti trjárækt ætti ekki að fara fram innan 20 metra frá hólnum.


Heimild: Vettvangskönnun í maí 2000



Mynd 24. Flatarteiking, tóft. Teikn. K.G. 2000

22

- Tegund minja:** Tóft/hleðsla
Hlutverk: Óþekkt/fjánhús?
Landareign: Steinsstaðir
Lega: N: 65°28365 V: 19°20085
Staðhættir: Um 16 m í suðaustur frá gamla bæjarhólnum.
Lýsing: Hringlaga tóft sem er opin í vestur, veggjaþykkt um 1-1.5 m hleðsluhæð um 0.2 m.
Hættumat: Tóftin er um 20 m frá lóð 5 í austur, og er því ekki í beinni hættu, frá sumarbústaðaskipulagi, en það ætti að forðast trjárækt í eða rétt við tóftina.
Heimild: Vettvangskonnnun í maí 2000




Mynd 25. Flatarteikning. tóft. Teikn. K.G. 2000

23

- Tegund minja:** Tóft/hleðsla
Hlutverk: Fjánhús?
Landareign: Steinsstaðir

Legi:	N: 65°28379	V: 19°20121
Staðhættir:	Um 100 m í suð-austur frá Steinsstöðum á smá hól.	
Lýsing:	Tóftin er 6 x 4 m, hleðsluhæð um 0.2, veggjabykkt um 1 m mjög sigin og grasi gróin.	
Hættumat:	Tóftin eru í um 20 m frá lóð 16 í norð-austur, og er því ekki í hættu. en það ætti að forðast trjárækt í tóftinni.	
Heimild:	Örnefnaskrá, Skagafjarðarsýsla, Lýtingsstaðahreppur: Steinsstaðir, skrásetjari Rósmundur G. Ingvarsson, 1995.	
Heimild:	Vettvangsathugun 15/5 2000	



Mynd 26. Flatarteiknin, tóft, túngarður. Teikn. K.G. 2000

24

Tegund minja:	Tóft/hleðsla	
Hlutverk:	Fjánhús?	
Landareign:	Steinsstaðir	
Sérheiti:	Hólagerði	
Legi:	N: 65°27961	V: 19°20188
Staðhættir:	Nyrst í landi Hólagerðis.	
Lýsing:	Tóftin er 10 x 7, hleðsluhæð um 0.3 m, veggjabykkt um 1 m, grasi gróin og sigin, það sést aðeins móta fyrir millivegg á vesturhlið tóftarinnar, og óljóst móta fyrir 2 dyrum í suður.	
Aðrar upplýsingar:	Í Örnefnaskrá Steinsstaða er það talið líklegt að Hólagerði hafi verið stekkjarsæði, þá segir í Jarðabók Árna Magnússonar um Steinsstaði frá 1713, á bls. 138 “Girðingar eru hér um stekkjarsæðið og þykir líklegt sem verið hafi þrælsgerði” Munnmæli herma að þræl einum á Steinsstöðum hafi verið gefið frelsi og hafi hann fengið Hólagerði til ábúðar, og þaðan sé nafnið Þrælisgerði komið (Örnefnaskrá, Skagafjarðarsýsla, Lýtingsstaðahreppur)	
Hættumat:	Um 7 m í suður frá tóftinni sést í túngarð (nr. 27) sem beygir síðan til norðurs, og við hann er matjurtagarður (nr. 13). Tóftin er ekki í hættu frá skipulagi, en forðast ætti trjárækt í eða við tóftina.	
Heimild:	Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns, níunda bindi, Kaupmannahöfn 1930. Örnefnaskrá, Skagafjarðarsýsla,	


Lýtingsstaðahreppur: Steinsstaðir, skrásetjari Rósmundur G. Ingvarsson, 1995.
Landmælingar ríkisins, loftmynd 1.400, frá 1991.




Mynd 27. Tóft fjárhúsa á Steinsstöðum, horft í austur.
Ljós. K.G. í maí 2000

25

- Tegund minja:** Tóft/fjárhús/hesthús
Hlutverk: Fjárhús/hesthús
Landareign: Steinsstaðir
Legi: N:65°28325 V: 19°20010
Staðhættir: Um 150 m í suður frá Steinsstöðum.
Lýsing: Tóftin, skiptist í þrjár krær, og eru leifar garða sýnilegir í þeim öllum, inngangur hefur verið í vestur úr þeim öllum, austurhlið vantar nema í syðstu króna, en þar er ennþá uppistandi austurveggur, sem er opinn til austurs. Við suður hlið tóftarinnar er síðan tóft með inngang í austur, var það hestúskró. Þá var hestúskofi við norð-austur horn tóftarinnar, með inngang í austur. Veggir tóftarinnar eru um 1 m, og veggjahæð frá 0.2 - 1.65 m, veggþykkt um 1 m.
Aðrar upplýsingar: Fjárhúsin munu hafa tekið um 90 kindur. Hestúsið byggði Helgi Daníelsson fyrir 1888, og var það nefnt Helgakot.
Hættumat: Fjárhúsin eru á lóð 5, í sumarbústaðabyggð, og er því í hættu ef byggt yrði á lóðinni.
Heimild: Örnefnaskrá, Skagafjarðarsýsla, Lýtingsstaðahreppur: Steinsstaðir, skrásetjari Rósmundur G. Ingvarsson, 1995. Landmælingar ríkisins, loftmynd 1.400, frá 1991.



Mynd 28. Flatarteikning, tóft. Teikn. K.G. 2000



Mynd 29. Flatarteiking, tóft. Teikn. K.G. 2000

26

Tegund minja:	Tóft/hleðsla
Hlutverk:	Fjárhús?
Landareign:	Steinsstaðir
Lega:	N:65°28372 V: 19°20012
Staðhættir:	Á klapparhól fyrir ofan fjárhús Steinsstaða.
Lýsing:	Tóftin er 8-9 x 3 m, hleðsluhæð 0.2 m, veggjaþykkt 0.8-1 m. Mjög grasi gróin og sigin, tóftin er opin til austurs. Það sést aðeins móta fyrir millivegg á suðurhlið hennar.
Hættumat:	Tóftin er í um 20 m frá lóðamörkum, á lóð 5 í suður og er því ekki í hættu. Æskilegt væri að tré yrðu ekki gróðursett í tóftinni.
Heimild:	Vettvangskonunnun maí 2000

27

Tegund minja:	Túngarður/hleðsla
Hlutverk:	Túngarður
Landareign:	Steinsstaðir
Sérheiti:	Hólagerði
Lega:	N: 65°27955 V: 19°20195
Staðhættir:	Nyrst í landi Hólagerðis.
Lýsing:	Túngarðurinn liggur í sveig niður frá fjárhústóftum í suður og beygir síðan til vesturs og norðurs, hann er um 50 m langur, hleðsluhæð um 0.5 m, og 1 m breiður.
Hættumat:	Túngarðurinn er ekki í hættu frá skipulagi, en æskilegt væri að tré yrðu ekki gróðursett í eða við garðinn.
Heimild:	Landmælingar ríkisins, loftmynd 1:4000 frá 1991



Mynd 30. Grjótið sem verið hefur í vörðunni er út frá staurnum sem núna er þar sem varðan hefur verið, horft í norður. Ljósmynd. K. G. í maí 2000.

28

Tegund minja:	Varða/hleðslubrot
Hlutverk:	Landamerki
Landareign:	Steinsstaðir
Lega:	N: 65°44044 V: 19°06987
Staðhættir:	Frá veginum að Merkigarði, upp á háum melhól þar sem landamerkjagirðingin, milli Merkigarðs og Hólagerðis liggur yfir.
Lýsing:	Varðan er alveg hrunin, til austurs og suðurs, þrír steinar með girðingarstaur í miðjunni, gefa hugmynd um hvar varðan hefur verið.
Hættumat:	Þar sem varðan er þegar hrunin, er ekki mikil hættu á frekari eyðileggingu.
Heimild:	Örnefnaskrá, Skagafjarðarsýsla, Lýtingsstaðahreppur: Steinsstaðir, skrásetjari Rósmundur G. Ingvarsson, 1995.

29

Tegund minja:	Varða/hleðslubrot
Hlutverk:	Landamerkjavarða.
Landareign:	Steinsstaðir
Sérheiti:	Kambabrúnavarða
Lega:	N: 65°27850 V: 19°19321
Staðhættir:	Er á landamerkjum Hólagerðis og Merkigarðs, frá þessum stað sést í Hlóðastein sem er um 100 m í suð-vestur og þaðan í vörðu sem er í vestur fyrir neðan hana er vegurinn að Merkigarði.

- Lýsing:** Varðan er nú hrunin nema neðstu steinarnir, en girðingarstaur hefur verið settur í miðju vörðunnar.
- Hættumat:** Þar sem varðan er þegar hrunin, er ekki mikil hætta á frekari eyðileggingu.
- Heimild:** Örnefnaskrá, Skagafjarðarsýsla, Lýtingsstaðahreppur: Steinsstaðir, skrásetjari Rósmundur G. Ingvarsson, 1995.

30

- Tegund minja:** Vatnsmylla/horfið
- Hlutverk:** Mylla
- Landareign:** Steinsstaðir
- Lega:** N: 65°28197 V: 19°21336
- Staðhættir:** Í lækjargili norðan við Steinsstaðaskólann.
- Lýsing:** Ekkert sést af myllu þessari.
- Aðrar upplýsingar:** Árið 1783 hafði Páll Sveinsson bóndi og silfursmiður að Steinsstöðum í Skagafirði, komið sér upp vatnsmyllu, án þess að hafa séð nokkuð af því tagi áður. Hlaut hann tvær spesíur í verðlaun fyrir það “ að hann reist hefur vatnsmylnu eina, sem sagt er vel brúkanleg, og kunni líka að mala bæði vetr og sumar, fyrir því að vatnið er heitt”. Helzt lítur út fyrir, að Skagfirðingar hafi ekki kunnað að meta framtak Steinsstaðabóndans, því að sonur hans, Sveinn Pálsson læknir í Vík segir í Dagbók sinni frá 1792, að mylluna hafi þurft að flytja frá Steinsstaðalaug, af því að skemmdarvargar fengu ekki látið hana í friði, en spilltu henni bæði með innbroti og stálu úr henni. (Freyr LIII árg 1957, bls. 190). Ferðabók Sveins Pálssonar bls. 125.
- Hættumat:** Ekkert sést af myllunni.
- Heimild:** Freyr LIII árg 1957, bls. 190. Ferðabók Sveins Pálssonar, Dagbækur og ritgerðir 1791-1797, I bindi, bls. 125. Bókaútgáfan Örn og Örlygur HF. - 1983

31

- Tegund minja:** Vegur/leið
- Hlutverk:** Vegur
- Landareign:** Steinsstaðir
- Sérheiti:** Kambavegur
- Lega:** N: 65°27958 V: 19°19346
- Staðhættir:** Vegur þessi liggur frá byggðinni, vestan við núverandi þjóðvegur, meðfram Kömbum sem liggja yfir í land Stapa.
- Lýsing:** Vegurinn er grasi gróinn, um 2 m á breidd
- Aðrar upplýsingar:** Vegurinn var upphaflega gerður sem hestaleið, þegar bílar komu til sögunnar, var hann aðlagður þeim aðstæðum að einhverju leiti.
- Hættumat:** Helst hætta við eitthvað jarðrask yrði á staðnum, eða ef trjám yrði plantað í hann.
- Heimild:** Viðtal Rósmundur G. Ingvarsson í maí 2000. Landmælingar ríkisins, loftmynd 1:4000, frá 1991.

32

- Tegund minja:** Þvottalaug/þófarbáلكur/horfið
Hlutverk: Þvottalaug/þófarbáلكur
Landareign: Steinsstaðir
Lega: N: 65°28078 V: 19°21125
Staðhættir: Í suð-austur frá Laugarhúsi.
Lýsing: Hinar upphaflegu þvottaþrær eru horfnar, en þarna eru núna tvær litlar steinsteyptar þrær, önnur 1.9 x 1.4 m, og hin 1.5 x 0.9 m
Aðrar upplýsingar: Í Ferðabók Sveins Pálssonar frá 1792, bls. 125, segir hann frá því að við hina fögru Steinsstaðarlaug, sem er ekki heitari en svo, að þægilegt er að þvo í henni. Þess vegna hefur verið gert þar þvotta- og þófarastæði fyrir hér um bil alla sveitina. Í sýslu- og sóknarlýsingum Skagafjarðar frá 1839, bls 72, er sagt frá þvotta- og þófarlaug sem sé á stærð við samsvarandi laugar á Reykjum sem var á stærð við tveggja fjórðunga ker.
Hættumat: Engin hætta vegna skipulags.
Heimild Ferðabók Sveins Pálssonar, Dagbækur og ritgerðir 1791-1797, I bindi, bls. 125. Bókaútgáfan Örn og Örlygur HF. - 1983
Sýslu- og sóknarlýsingar, Hins Íslenszka bókmenntafélags 1839-1873, II Skagafjarðarsýsla, Mælifells- og Reykjavrestakall frá 1839, bls. 72
Örnefnaskrá, Skagafjarðarsýsla, Lýtingsstaðahreppur: Steinsstaðir, skrásetjari Rósmundur G. Ingvarsson, 1995.

33

- Tegund minja:** Öskuhaugur/horfin að mestu leiti
Hlutverk: Öskuhaugur
Landareign: Steinsstaðir
Lega: N: 65°27944 V: 19°20230
Staðhættir: Hefur verið við norðurhlið bæjarins Steinsstaða, við hesthúsvegg.
Lýsing: Lítið sést af öskuhaugnum.
Aðrar upplýsingar: Öskuhaugurinn var notaður til uppfyllingar í túnið á Steinsstöðum.
Hættumat: Helst hætta ef eitthvað jarðrask verður á staðnum
Heimild: Viðtal og leiðsögn Friðriks Ingólfssonar í Laugarhvammi, í maí 2000.

Niðurstöður.

Aldur minja.

Minjar þær sem skráðar voru eru frá síðari hluta 19. aldar og byrjun 20. aldar, þó má ætla að bæjarhólinn (nr. 21) sé eldri.

Þá gætu tóftir, og túngarður sem eru í Hólagerði (nr. 13, 24, og 27) líklega verið eldri, samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar frá 1713, þar sem talað er um að girðing sé um stekkjarstæðið og þyki líklegt sem verið hafi þrælsgerði.

Skipulagsuppdráttur

Við gerð skipulagsuppdráttar sem var samþykktur 1991, hafði ekki farið fram nein skipulögð skráning á fornleifum í landi Steinsstaða. Við fornleifaskráningu hefur komið í ljós að fornleifar eru á svæðinu sem ekki hefur verið tekið tillit til við skipulagningu svæðisins. Einungis hefur verið skilið eftir svæðið í kringum Steinsstaðabæinn, um 30 m í norður að lóðamörkum á lóð 3, og um 15 m í suður að lóðamörkum á lóð 4.

Fornleifar á lóðum á skipulagssvæðinu og mat á gildi þeirra.

Lóð 1.

Nr. 5 á fornleifaskrá er L-laga tóftarbrot af hesthúsi, sem er næstum horfið, gæti það hugsanlega lent innan byggingareits bústaðar. Tóftarbrotið er því í hættu, en hefur ekki mikið minjagildi eitt og sér.

Lóð 3.

Nr. 2 á fornleifaskrá, á þessum stað fundust bein árið 1993, er grafið var fyrir rafmagnsleiðslu sem liggur meðfram veginum að austan. Einnig komu bein upp vestan við vegin, á móts við þau bein sem voru utan megin vegarins. Það er því hugsanlegt að á lóð 3 gæti verið um fleiri bein, ef þarna sé um grafreit að ræða. Það væri því æskilegast, að lóð 3 yrði óbyggð, eða a.m.k. yrði farið með varúð að öllum framkvæmdum, með tilvist beina í huga.

Lóð 4.

Nr. 1, 20 og 21 á fornleifaskrá. Á lóð 4 eru engar minjar, en frá lóðamörkum um 10 - 15 metra til norðurs eru tóftir Steinsstaða (nr. 20), og brunnur (nr. 1). Þá er bæjarhóll (nr. 21) í um 10 m fjarlægð frá lóðamörkum að austan. Þessum minjum stafar ekki bein hættu af framkvæmdum, en þær liggja mjög nálægt lóðamörkum, sem ætti að taka tillit til við framkvæmdir. Skv. 16. grein þjóðminjalaga ætti ekki að rækta skóg innan 20 metra frá hólum.

Lóð 5.

Nr. 23 á fornleifaskrá. Á lóð 5 eru tóftir fjárhúss/hesthúss Steinsstaða. Það er því ekki æskilegt að byggt verði á þeirri lóð, þannig að tóftir þessar fái að standa eins og tóftir Steinsstaða, og þær fái að veðrast án afskipta manna. Það er því ekki æskilegt að byggt sé á lóð 5.

Frá lóðamörkum við suð-austur lóðarinnar, er um 10 m í tóftir fjárhúss (nr. 26). Og frá lóðamörkum á austurhlið eru um 10 m í bæjarhól (nr. 21) og 20 m í tóftir fjárhúss? (nr. 22). Ef ekki er byggt á lóð 5 eru þessar minjar ekki í hættu.

Lóð 16.

Nr. 8, 10, 11 og 12 á fornleifaskrá. Lóð 16 liggur um Kvíaból, og þar er rétt (nr. 8), tóftir fjárhúsa? (nr. 10 og 11), túngarður (nr. 12).

Þessar minjar sýna heildarmynd Kvíabólsins ásamt tóftum (nr. 9) sem eru í um 20 m frá lóðarmörkum í norður og matjurtagarði (nr. 7) sem er í um 40 m frá lóðarmörkum í norður.

Þessar minjar hafi lítið varðveislugildi hver um sig, en sem heild geta þær verið heimild um búskaparhætti liðins tíma, væri því æskilegt að varðveita Kvíabólið sem heild, og gæti verið áhugavert að aðlaga það sumarbústaðabyggðinni sem á að rísa á svæðinu.

Það ætti því að láta lóð 16 vera óbyggða.

Lóðir 15, 20, 21, 22, 23, 26 og 27.

Nr. 4 á fornleifaskrá. Um lóðirnar liggja götur sem myndast hafa í gegnum aldirnar eftir menn og hesta, er leið hafa átt að og frá Steinsstöðum, og síðan sameinast götum sem hafa legið meðfram Héraðsvötnum í norður- suður. Göturnar liggja um lóð 15 í austur-vestur þær liggja síðan um lóð 20, 21, 23, og koma inn á norð-austur horn lóðar 22. Það má því ætla ef byggt er á þessum lóðum séu göturnar í mikilli hættu.

Um lóð 26 liggja göturnar frá miðri lóð, og eru því í mikilli hættu ef byggt verður á lóðinni. Um lóð 27, liggja göturnar um norð-austur horn lóðarinnar, og eru því í hættu ef byggt verður á lóðinni.

Götur þessar eru eldri en 100 ára og skv. 16.grein þjóðminjalaga ætti að friðlýsa þær. Ef byggt yrði lóðunum mundu götur þessar hverfa, eins ætti að taka tillit til gatnanna vegna aldamótaskógarins, að gróðursetning yrði ekki á það svæði sem göturnar liggja um.

Það væri því æskilegt að láta lóðir nr. 20, 21, 22 og 23 vera óbyggðar, og hafa göturnar sem gönguleiðir áfram.

Þær gætu orðið gönguleiðir um svæðið þar sem aldamótaskógurinn á að vaxa upp með tíð og tíma.

Nr. 31 á fornleifaskrá, vegur/leið. Vegur þessi var upphaflega hestagötur sem liggja fyrir neðan svokallaða Kamba, meðfram þjóðveginum, vestan megin.

Ef ákveðið verður að gróðursetja tré vestan þjóðvegarins, á þessu svæði væri æskilegt að láta þessar götur halda sér, og gætu þær þjónað sem gönguleið í skógarjaðrinum.

Samantekt.

Fyrir hendi er tveir valkostir.

Hinn fyrri er að varðveita Steinsstaðatóftina, fjárhústóft/hestakofatóft, kvíabólið með túngarði, rétt og fjárhústóftum, ásamt götunum upp frá kvíabólinu. Þá væri varðveitt heildarmynd búsetu á Steinsstöðum, sem er æskilegt að verði gert.

Síðari valkosturinn er að varðveita Steinsstaðatóftina, fjárhústóft/hesthústóft, túngarðinn og réttina ásamt götunum upp frá kvíabólinu, en sleppa fjárhústóftunum á kvíabólinu.

Það gæti gefið sumarbústaðabyggðinni meira gildi ef þessar fornminjar væru felldar að skipulagi hennar.


Fornleifaskrá

- 1 Brunnur
- 2 Beinafundur.
- 3 Fjánhús/horfið
- 4 Götur/leið
- 5 Hesthús/tóftarbrot
- 6 Hús/tóft/fjánhús - Lúðvíksgerði

Kvíaból nr. 7-12

- 7 Hleðsla/Matjurtagarður
- 8 Rétt/hleðsla
- 9 Tóft/hleðsla
- 10 Tóft/hleðsla
- 11 Tóft/hleðsla
- 12 Garðlag/túngarður


- 13 Matjurtagarður/hleðsla -Hólagerði
- 14 Náttúruminjar/álfabyggð
- 15 Náttúruminjar/landamerkjasteinn
- 16 Reykhús/horfið
- 17 Stekkur/hleðsla
- 18 Sundlaug/horfin
- 19 Sundlaug/horfið
- 20 Tóft/bústaður - Steinsstaðir
- 21 Tóft/bæjarhóll
- 22 Tóft/hleðsla/fjánhús?
- 23 Tóft/hleðsla/fjánhús?
- 24 Tóft/hleðsla/fjánhús? - Hólagerði
- 25 Tóft/fjánhús/hesthús
- 26 Tóft/hleðsla
- 27 Túngarður/hleðsla -Hólagerði
- 28 Varða/hleðslubrot
- 29 Varða/hleðslubrot
- 30 Vatnsmylla/horfið
- 31 Vegur/leið
- 32 Þvottalaug/þófarbálgur/horfið
- 33 Öskuhaugur/horfin að mestu - Steinsstaðir




Staðsetning skráningasvæðisins

Fylgiskjal 1







23.11.1918 Gudm. Sveinsson

Túnakort frá 1918

Fylgiskjal 4

Fornleifaskráning: Skrá yfir fyrri skýrslur Byggðasafns Skagfirðinga

1. Villinganesvirkjun - Mat á umhverfisáhrifum. Fornleifaskráning í hluta lands Tyrfingsstaða, Keldulands, Stekkjarflata og Villinganess. Katrín Gunnarsdóttir september 1999.
2. Hof í Hjaltadal - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir apríl 2000.
3. Hólar í Hjaltadal - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir apríl 2000.